

Til forystu samtaka launafólks,

Að undanfögnu hafa konur í verkalýðshreyfingunni rætt saman í lokuðum hópi og sagt frá kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir í vinnunni og félagsstörfum innan hreyfingarinnar. Umræðan hófst í kjölfar og í ljósi #MeToo byltingarinnar en fjöldi kvenna hefur um allan heim stigið fram og rætt slík brot gegn sér á vinnustað. Í hópnum eru konur sem starfa eða hafa starfað innan þeirra heildarsamtaka sem eru viðtakendur þessa bréfs.

Um helmingur félagsmanna ASÍ eru konur en innan BHM, BSRB og KÍ er hlutfall kvenna á bilinu 70-81% eftir því sem næst verður komist. Þrátt fyrir þetta hallar almennt verulega á hlut kvenna í valdastöðum innan aðildarféлага og hjá samtökunum sjálfum. Flestar kenningar á sviði kynjafræði segja að kynferðisleg áreitni snúist um vald, valdaleysi og ójafnvægi.

Það hefur löngum verið vitað að fjöldi einstaklinga sem verður fyrir slíkri áreitni er mun meiri en þeir örfáu sem leita til stéttarfélaganna. Hvers vegna ætti staðan að vera öðru vísi innan samtaka launafólks? Getur það verið að kjarni vandans sé einmitt sá að tryggja þurfi að öllu starfsfólki innan verkalýðshreyfingarinnar líði vel og útrýma þurfi menningu sem byggir á valdaójafnvægi. Það þarf að bæta stöðu kvenna innan verkalýðshreyfingarinnar líkt og í öðrum starfsgreinum og sviðum samfélagsins.

Hingað til hefur fylgt því mikil skömm að vera þolandi áreitni eða ofbeldis enda almennt ekki talið konum til tekna að hafa verið þolendur í slíkum málum. Þessi bylting er af sama toga og barátta gegn heimilisofbeldi, Druslugangan, umræðan á Beauty tips um kynferðislega áreitni og #höfumhátt.

Það er jafn nauðsynlegt bæði innan verkalýðshreyfingarinnar og utan, að brugðist sé við vitundavakningunni og skapað verði andrúmsloft þar sem þolendur treysta sér til þess að segja frá. Þannig þarf að liggja skýrt fyrir m.a. hvaða ferli eru í gangi samkvæmt reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Enn fremur að þolendur viti hvert þeir eiga að leita ef slíkt kemur upp.

Meðal gagnrýnisradda á þessa byltingu eru á þann veg að konur séu að gera of mikið úr þessu. Vandamál þess hugarfars er auðvitað fólgið í því að það er ekki áhorfandans að meta heldur þolandans. Þá gleymist einnig sú staðreynd að staða kvenna er önnur en karla, á vinnumarkaði og í samfélaginu. Þannig eru dæmi um að konur séu ítrekað áreittar sem veldur því að þær upplifa þá hvert atvik sterkara fyrir vikið þar sem þeirra reynsla er sú að þetta sé ítrekað, þó að gerendur séu margir og byggt á ólíkum tengslum.

Áhrifaþættir á jafnrétti á vinnumarkaði og þar með laun eru nokkrir en það sem m.a. hefur áhrif eru kynskiptur vinnumarkaður, völd og áhrif. Kynferðisleg áreitni mælist í öllum starfsgreinum, mismikil en hún hefur mælst á bilinu 2% í störfum þar sem nær eingöngu konur líkt og hjá kennurum en mótspyrna gegn konum í „karlastörfum“ lýsir sér oft í kynbundinni og kynferðislegri áreitni.

Við þurfum öll að axla ábyrgð á ákalli eftir breytingu á menningu og hugarfari. Við erum hagsmunaaðilar starfsfólks á vinnumarkaði. Það er okkar að berjast gegn óréttlæti og styðja við þá sem brotið er á. Konur eru tæplega helmingur alls starfsfólks á vinnumarkaði og sem slíkur væntanlega næststærsti hagsmunahópurinn okkar sem á í hlut í þessum eignum á eftir öllulaunafólki. Til þess að geta staðið við baki á fólki sem leitar til okkar verðum við að byrja á sjálfri hreyfingunni, viðurkenna að í samskiptum innan hennar má ýmislegt betur fara, setja skýrar forvarnarreglur og bregðast við ef áreitnismál koma upp.

Við krefjumst þess að samtök launafólks:

- Hlusti á þær hugrökku konur sem stíga fram og rjúfa þögnina.
- Stórefli fræðslu um jafnrétti til allra sem starfa innan hreyfingarinnar.
- Líti á jafnréttismál sem hagsmunamál allra, ekki bara kvenna.
- Setji sér reglur um öryggi fólks á vinnustöðum og í félagsstarfi hreyfingarinnar.
- Setji sér áætlun um viðbrögð ef upp koma dæmi um kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni eða annað ofbeldi.

- Setji sér jafnréttisstefnu til að jafna hlut kynjanna í áhrifastöðum innan hreyfingarinnar.

Konur í verkalýðshreyfingunni“